

**Nr. 039 / 16 Einar Hálfðans ÍS 11****Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 2790  
Smíðaður: Trefjar, 2009, trefjaplast  
Stærð: 14,95 bt  
Mesta lengd: 12,46 m Skráð lengd: 11,34 m  
Breidd: 3,75 m Dýpt: 1,4 m  
Vél: Yanmar, 368,0 kw, árg. 2013  
Fjöldi skipverja: 2

**Gögn:**  
Gögn RNSA



Einar Hálfðans ÍS 11 © Fiskifrétir

Málið afgreitt á fundi 17. október 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 25. maí 2016 var Einar Hálfðans ÍS 11 á siglingu á Faxaflóa. Veður: S10 m/sek.

Báturinn varð vélarvana og óskað var eftir aðstoð. Björgunarskipin Ásgrímur S Björnsson og Þórður Kristjánsson komu á staðinn. Skipverjar komu vélinni aftur í gang og sigldu til hafnar í Hafnarfirði í fylgd þeirra.

**Við rannsókn kom fram:**

- að báturinn var að koma úr mánaðar slipp og vélin drap á sér eftir um klukkutíma keyrslu;
- að í ljós kom að loft komst inn í olúkerfið með lausu tengi við olútank.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.